

100 Mýrahreppi hófst á ný, til hjúaskildaga 1886, þá hefur Einar unnið sjer fram-
20. ág. færzlurjett í Mýrahreppi áður en styrkveitingar af Mýrahreppi, sem nefndin þar hefur krafið Borgarhafnarhrepp endurgjalds á, koma til greina.

Það úrskurðast því hjer með, að Borgarhafnarhreppur skuli vera laus við að greiða Mýrahreppi endurgjald fyrir styrkveitingar til Einars Sigurðssonar sem nú er á Haukafelli, á árunum 1885, 1886—1887.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar,

101

21. ágúst.

Viðauki

viðfjallskilareglugjörð Austur-Skaptafellssýslu.

Um sauðfjármörk.

Hver markeigandi í sýslunni greiði 50 aura í sýslusjóð fyrir auglýsing marksins í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, sem prentuð er ný markaskrá fyrir sýsluna.

Enginn má taka upp nýtt fjármark, nema hann tilkynni það oddvita hreppsnefndar fyrir 6. júní það ár, er hann tekur það upp, en oddviti hreppsnefndar skal senda til sýslumanns skrá yfir nýupptekin fjármörk í hreppnum fyrir júnílok ár hvert, og skal aðalskrá yfir slík mörk birt í opinberu blaði fyrir ágústm.lök á kostnað sýslusjóðs. Fyrir auglýsing á nýuppteknu fjármarki greiðir eigandi 1 kr. í sýslusjóðinn. Hið sama gildir og, ef eigandaskipti verða að sauðfjármarki og einnig þegar mark er flutt inn í sýsluna. Önnur mörk en þau, sem prentuð eru í markaskrá sýslunnar eða auglýst á framangreindan hátt, er ekki leyfilegt að brúka í sýslunni.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum eptir fjallskilareglugjörðinni og skal mál um brotin fara með svo sem ákveðið er í nefndri reglugjörð.

*

*

Framanritaður viðauki, sem sýslunefndin í Austur-Skaptafellssýslu hefir samið, var staðfestur og löggiltur, samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Austuramtsins á fundi 12.—14. þ.m. til þess að öðlast gildi 1. jan. 1896.

Íslands Austuramt, Akureyri 21. ágúst 1895.

Páll Briem.

102

26. ágúst.

Reglugjörð

fyrir umboðsmenn þjóðjarða.

1. Umboðsmenn skulu sjá um, að umboðsjarðirnar verði bættar og mannvirkjum á þeim haldið við, sbr. 6. gr. ráðgjafarbrjefs 25. maí 1880 (Stjt. 1880 B. nr. 89.) og skulu þeir að minnsta kosti einu sinni árlega skoða hverja jörð og áminna leiguliða um að bæta það, sem reynist ábótavant.

Að því er snertir landamerki umboðsjarðanna, ber umboðsmönnum **102** að sjá um, að gætt verði fyrir mæla landamerkjálaga frá 17. marz 1882 sbr. 6. ágúst. brjef landshöfðingja 28. júlí s. á. (Stjt. 1882 B. nr. 167).

2. Landskuld og leigur skulu þeir taka á gjalddaga rjettum. Láti leiguliði farast fyrir að greiða gjöld sín í gjalddaga, skulu umboðsmenn sem allra fyrst og síðast innan 4 vikna eptir gjalddaga gjöra ráðstöfun til, að þau verði tekin lögtaki, og ber þeim í þessu tilliti að breyta nákvæmlega eptir fyrir mælum 2. greinar umburðarbrjefs landshöfðingja frá 16. maí 1876 (stjórnartíð. s. á. B. nr. 51) sbr. lög 16. desember 1885. Að öðrum kosti skulu þeir sjálfir svara til skuldarinnar.

3. Þó að leiguliði gjaldi í landaurum skulu umboðsmenn ætíð borga tekjur umboðsins í peningum samkvæmt þeirri verðhæð, sem er á sjerhverri vörutegund í verðlagsskrá þeirri, er ræður á rjettum gjalddaga.

4. Samkvæmt 4. og 6. gr. reglugjörðar um reikningsskil frá 13. febr. 1873 og 3. gr. umburðarbrjefs frá 16. maí 1876 (Stj.tíð. s. á. B.nr.51.) sbr. brjef 20. okt. 1880 (Stj.B.s.á.nr.157) stafl.D. ber þeim að afgreiða tekjur umboðsins jafnskjótt og þær gjaldast annaðhvort með peningum í jarðabókarsjóð eða með ávísun gefinni út beinlínis til handa ráðgjafanum fyrir Ísland upp á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn. Skal gefa út hverja ávísun í 2 samritum og senda 1. samritið (píma) landshöfðingja með fyrstu póstferð, eptir að ávísunin er gefin út.

5. Reglurnar í annari og fjórðu grein gilda að því leyti, sem þær geta við átt líka um aukatekjur umboðsins af reka, selveiði, landshlut o. s. frv.

6. Umboðsmenn eiga að hafa aðalbók, sem sje löggilt af amtmani, og rita þar í allar tekjur umboðsins, og skal hver jörð standa á blaði sjer ásamt nafni ábúandans. Hver leiguliði fyrir sig á að fá viðskiptabók og skal rita í hana hvert sinn, er hann geldur nokkuð sem og í aðalbókina, svo þær sjeu allveg samhljóða.

7. Umboðsreikningurinn á að ná yfir tímabilið frá 1. jan. til 31. desbr. ár hvert og sendast til amtsins svo fljótt, sem audið er og í síðasta lagi innan febrúarmánaðarloka.

Honum á að fylgja:

- a. skýrsla um landsskuld og leigur m. m.
- b. endurrit af uppboðsgjörðum viðvíkjandi umboðinu.
- c. kvittanir fyrir útgjöldum, og samrit þeirra ávísana, er gefnar hafa verið út handa ráðgjafanum fyrir Ísland.
- d. endurrit af síðustu skýrslu umboðsmanns til amtmanns um unnar jarðabætur sbr. 7. gr. ráðgjafabrjefs 25. maí 1880.
- e. eptirrit af byggingarbrjefum, sem gefin eru út á reikningsárinu.
- f. önnur skýrteini er þurfa þykir eða boðið verður. Reikningurinn á að vera í tvennu lagi.

8. Í hvert sinn, er umboðsjörð losnar úr ábúð, ber hlutadeigandi umboðsmanni að auglýsa þetta á kirkjufundum og víðar og skora á þá, sem

102 hafa hug á jörðinni að semja við hann um byggingarskilmálana innan tiltek-
26. ágústins tíma.

Þeim, sem þareptir býður mest eptirgjald eptir jörðina, má umboðsmaður byggja hana að áskildu samþykki amtsins, ef bjóðandi er fullveðja og dugandi maður og býðst til að svara þeim leigumála sem amtsráðið hefir samþykkt. Sje leigan, sem boðin er, minni en sú leiga, sem amtsráðið hefir samþykkt, en jafnhá því, sem áður hefir verið galdið eptir jörðina, hefir umboðsmaður samt sem áður heimild til að leigja hana að áskyldu samþykki amtsins, en þó þannig, að ef fleiri jafnhæfir menn sækjast eptir sömu jörð, þá ráði amtmaður, hvern velja skal.

Nú fæst ekki eptirgjaldsupphæð sú, sem amtsráðið hefir samþykkt, eða jafnhátt eptirgjald og áður hefir verið galdið eptir jörðina, og ber þá umboðsmanni að skýra amtmanni frá öllum þeim boðum í jörðina, er komið hafa, og lýsa um leið hæfilegleikum bjóðanda.

Geti byggingin ekki orðið fullráðin fyrir fardaga, þá er jörðin losnar úr byggingu, verður umboðsmaður að byggja hana til bráðabirgða um ekki lengri tíma, en eitt ár í senn, og á þann hátt, sem haganlegastur er fyrir umboðssjóðinn.

Undir eins og búíð er að fullráða bygginguna, semur umboðsmaður byggingarbrjef í tvennu lagi, skrifar hann sjálfur og leiguliðinn undir bæði samritin og sendir þau þar eptir amtmanni og gildir byggingarbrjefið ekki, fyr en amtmaður hefir ritað á það samþykki sitt.

Í hverju byggingarbrjefi skal skylda leiguliða til að framkvæma árlega tilteknar jarðabætur. Landsskuld skal ákveðin í byggingarbrjefum eptir meðverði allra meðalverða, kúgildaleigur eptir meðalverði allra meðalverða, eða eptir verðlagsskrárverði á smjöri. Að öðru leyti vísast, að því er byggingu þjóðjarða snertir, til ráðgjáfabrjefs frá 25. maí 1880 og ber umboðsmönnum að kynna sjer nákvæmlega fyrirmæli þessa brjefs og breyta eptir þeim.

9. Þegar leiguliðaskipti verða, skal hlutaðeigandi umboðsmaður láta taka jörðina út á kostnað fráfaranda og viðtakanda og vera þar viðstaddur sjálfur, gæta rjettar landssjóðsins í öllum greinum, og krefja álags eða uppbotar á það, sem áfátt er í ábúðinni, allt saman samkvæmt því er fyrir er mælt í lögum um bygging ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, sem umboðsmönnum ber að kynna sjer nákvæmlega. Sýni þeir hirðuleysi í framangreindu efni verður það þeirra ábyrgðarhluti.

10. Hver umboðsmaður skal annast um, að ítök og hlunnindi umboðs hans eða jarða þess verði sem arðsömumust, og skal hann leggja uppástungur sínar þar að lútandi undir amtmanns úrskurð og samþykki, sjer í lagi ber honum að gjalda varhuga við, að ekkert gangi undan umboðinu eða þess einstöku jörðum.

11. Umboðsmenn skulu hafa brjefabók og rita þar í umboðsreikningana og öll brjef viðvíkjandi umboðinu til amtmanns og annara; sömuleiðis skulu þeir vel varðveita skjalasafn umboða sinna.

12. Umboðsmenn skulu hafa til launa sjöttung eða $16\frac{2}{3}\%$ af öllum **102** tekjum þeim, er þeir heimta saman, og sem renna inn í umboðssjóðinn. And- 26. ág.
virði seldra þjóðjarða telst ekki með tekjum umboðsins og ber umboðsmanninum ekkert endurgjald fyrir tekjumissí þann, er af slíkri sölu leiðir. Andvirði seldra húsa og kúgilda telst heldur ekki með tekjum umboðsins, en umboðsmanninum er heimilt að reikna sjer 4% af því í innheimtulaun, hvort sem þau hafa verið seld á uppboði, sem venjulegt er, eða án þess Gjöld þau, er umboðsmenn kunna að hafa við að leggja til nýjar bækur eða annað þess háttar, greiða þeir af umboðslaunum sínum.

13. Til tryggingar fyrir gjaldheimtum umboðsins, skulu umboðsmenn skyldir að veðsetja landssjóðnum annaðhvort konungleg rikisskuldabréf eða fasteignir eptir því sem landshöfðingi í hvert skipti ákveður.

14. Vilji umboðsmaður losast við umboð sitt, skal hann skila því í fardögum og segja því lausu með eins árs fyrirvara; með sama fresti getur landshöfðingi sagt umboðsmönnum upp umboðum þeirra.

15. Að öðru leyti ber umboðsmönnum, hvað umboð þeirra snertir, að breyta eptir lögum landsins og fyrirmælum amtmanns og landshöfðingja.

Reykjavík, 26. ágúst 1895.
Landshöfðinginn yfir Islandi
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Styrkur til uppgjafapresta og prestsekkna.

Á Synodus, sem haldinn var 4. júlí, var fje því. að upphæð 3000 kr., sem veitt er í 13. gr. A. b. 5. í fjárlögunum fyrir árin 1894 og 1895, auk 600 kr. af prestaekknasjóðnum og 81 kr. 40 aur. af sjóði af árgjöldum brauda, samtals 3,681 kr. 40 aur., úthlutað á þann hátt, er hjer á eptir segir, og var úthlutunin samþykkt, að því er landssjóðsstyrkinn snertir, með brjefi landshöfðingja, dags. 5. júlí:

I. Uppgjafaprestar:

1. Benidikt Eiríksson frá Holtapíngum	35 kr. aur.
2. Þorvaldur Bøðvarsson frá Saurbæ	90 — «
3. Jón B. Thorarensen frá Saurbæjarþíngum	81 — 40
4. Magnús Gíslason frá Saudlauksdal	80 — «
5. Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík	50 — «
6. Gunnar Ólafsson frá Höfða	70 — «

II. Prestaekkjur:

1. Kristbjörg Þórðardóttir frá Valþjófsstað	30 — «
2. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	120 — «
3. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	80 — «
4. Þórunn Steiánsdóttir frá Eydölum	20 — «
5. Guðríður Jónsdóttir frá Ási	80 — «
6. Guðrún Helga Jónsdóttir frá Vallanesi	40 — «
7. Guðrún Þorsteinsdóttir frá Þíngmúla	70 — «
8. Helga Arnadóttir frá Skarðspíngum	50 — «
9. Guðríður Magnúsdóttir frá Kolfreyjustað	20 — «

Flyt: 916 — 40